

## GJALDSKRÁ

### Slökkviliðs Borgarbyggðar.

#### 1. gr.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim kveða meðal annars á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða þeirra, sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun fólks og verðmæta.

Slökkvilið Borgarbyggðar starfar samkvæmt lögum þessum og er skipað eingöngu hlutastarandi slökkviliðsmönnum. Slökkvilið Borgarbyggðar er eign og starfrækt af Borgarbyggð og fer með brunavarnir í Borgarbyggð og einnig í Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi samkvæmt gildandi samningum sveitarfélaganna.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri slökkviliðsins og heyrir undir sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar.

Verkefni Slökkviliðs Borgarbyggðar sem eru margvísleg ákvarðast aðallega af gildandi lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald er fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns og ákvarðast af útgefni gjaldskrá slökkviliðsins sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og uppreiknast í ársbyrjun hvers árs og tekur mið af gildandi neysluvísitölu. Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur einnig tekið ákvörðun um að auglýsa sérstaka gjaldskrá.

#### 3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en annars einnar klukkustundar vinnu ef umsögnin er afgreidd án skoðunar á staðnum.

#### 4. gr.

Gjald fyrir vinnu slökkviliðs Borgarbyggðar árið 2021 skal vera (miðað við neysluvísitölu í janúar 2021):

Tækifæriseyfi, veitingaleyfi, leyfi fyrir gistiheimili,	<i>kr.</i>
brennuleyfi og flugeldasýningaleyfi	10.890 pr. leyfi
Ef skoðun fylgir framangreindum leyfum	32.650 pr. leyfi
Magirus-Deutz dælubíll	27.130 pr. klst.
Renault dælubíll	29.280 pr. klst.
Iveco-Deutz dælubíll	27.130 pr. klst.
Ford F 550 dælubíll	14.255 pr. klst.
M-Benz dælubíll	27.130 pr. klst.
Scania tankbíll (14.000 l)	20.240 pr. klst.
M-Benz tankbíll	20.240 pr. klst.
Körfubíll	36.170 pr. klst.
Rosenbauer – Otter dæla (600 l)	6.440 pr. klst.
Honda (100 l)	6.440 pr. klst.
Zigler (1.600 l)	6.440 pr. klst.
Toyhatsu (2.020 l)	14.255 pr. klst.
Rafstöðvar (3 – 5,5 kW)	6.440 pr. klst.
Vatnssuga með manni	11.865 pr. klst.
Bifreiðar 10 – 13 tonn	400 pr. km
Bifreiðar 14 – 20 tonn	460 pr. km

Slökkviliðsmenn, dagvinna	5.070 pr. klst.
Slökkviliðsstjóri, dagvinna	3.900 pr. klst.
Slökkviliðsstjóri, yfirvinna	5.930 pr. klst.
Vinna	10.880 pr. klst.

Virðisaukaskattur bætist við viðeigandi gjaldaliði gjaldskrárinnar skv. gildandi lögum og reglum.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefnið telst þjóna ríkum almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum Slökkviliðs Borgarbyggðar. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnáslutlaga um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

#### 5. gr.

Skrifstofa Borgarbyggðar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskrá skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum samkvæmt ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

#### 6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

#### 7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til búnaðarkaupa og samfélags- og forvarnaverkefna á vegum Slökkviliðs Borgarbyggðar.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum og 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1389/2019.

*Borgarnesi, 30. desember 2020.*

**Þórdís Sif Sigurðardóttir** sveitarstjóri.